

Fundur 1.mars

Anna Lilja, Kristín, Sigurveig, Fanney, Elísa.

1. Hófum fundinn á spjalli um 10.bekkar viðburðinn sem tókst með eindæmum vel.
2. Verðum að skoða lög foreldrafélagsins og skoða í framhaldi hvernig við viljum hafa þetta vegna bekkjarfulltrúa. Óska eftir þessu í upphafi skólaárs á kynningarfundum bekkjanna.
3. Næsti fundur verður lagabreytingarfundur, Sigurveig setur inn á FB síðuna að skoða löginn fyrir næsta fund og koma með aths. til breytinga. Skoða skjalið frá Fanneyju varðandi lög annarra foreldrafélaga.
4. Hafa hlaðborð á aðalfundi, starta fjáröflun 10.bekkar eða 7.bekkar fyrir veturinn með veitingum á aðalfundi?
5. Vorhátíðarnefnd verður stofnuð, annaðhvort eftir helgi eða í kringum páska, María ekki alveg viss með tímasetninguna. Vitum ekki hverjir verða í þessari nefnd.
6. Ef símareglur verði teknar í gagnið vantar skólann afþreyingu. Billiardborð, þythokkíborð. Þarf að skoða ljósa og hljóðkerfi í skólanum/endurnýja.
  - Útielstæði-Anna Lilja skoðar.
  - Píluspjald – Elísa skoðar
  - Símaþak í hverri stofu? hver sér um það?
7. Á samtaka fundi 6.feb. kom fram hvernig önnur foreldrafélög virðast fá góða mætingu á viðburði hjá sér. T.d. er Síðuskóli með hraðstefnumót, þar sem foreldrar hittast og kynnst hvert öðru og kynna sín börn.
8. Að tengja foreldra og skóla er okkar skoðun að eigi ekki að vera á höndum foreldrafélagsins. Þar eiga bekkjarfulltrúar að koma inn. Foreldrafélagið á að vera stuðningur við foreldra og skóla og sjá um t.d. viðburði, fyrirlestra og fjármagna afþreyingu fyrir börnin.
9. Frístund eru komin með nægt dót fyrir stelpur en vantar enn föndur dót og tala um myndir til að sauma en við skiljum ekki um hvað er verið að tala.
10. Hugmynd að skiptimarkaði fyrir t.d. búninga f.Halloween eða búninga fyrir öskudag. Hugmynd að skiptimarkaði f.föndur og spil og ef ekki næst að losa sig við það þá fer það inn í frístund.
11. Auglýsa á árgangasíðum Bekkjarkvöld hver tekur að sér að græja það og skipuleggja, fyrir 1.apríl.  
Hugmynd að auglýsingu – **Jæja kærur foreldrar/forráðamenn. Nú er komið að því að skipuleggja bekkjarkvöld fyrir árganginn. Þetta þarf ekki að vera flókið og við minnum á að þetta er fyrir börnin okkar og okkur foreldrana. Hver tekur að sér þetta verðuga verkefni?**
12. Setja inn könnun á hvernig fyrirlestur foreldrar vilja fá:
  - ADHD
  - Einhverfa
  - Fíkniefni
  - Sjálfsmynd
  - Algorythmi
13. Frá aðalfundi, áhyggjur foreldra:
  - Skoða hvort gerð hafi verið könnun um opin skólarými í Naustaskóla og líðan barna með tilliti til þess.
  - Hefur verið gerð mæling á hljóðvist í rýmum?
  - Hafa verið mæld loftgæði í unglingsdeild? Eða öllum opnu rýmum skólans?